

Árshlutareikningur Landsnets fyrir janúar – júní 2022 var lagður fram í dag.

## Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsneti segir rekstur stöðugan og á áætlun þrátt fyrir áskoranir í aðfangakeðjunni

„Við hjá Landsneti leggjum áherslu á hagkvæman og stöðugan rekstur en þessir þættir eru mikilvægir fyrir rekstur lykilinnviðafyrirtækis ásamt því að skipta miklu máli fyrir viðskiptavinum okkar. Það er afar ánægjulegt að geta sýnt fram á að við stöndum undir þessum kröfum, þrátt fyrir mikið umrót á heimsmarkaði og tímabundnum orkuskorti hér á landi á vormánuðum. Orkuskorturinn olli hækkunum tímabundið á gjaldskrá vegna orku sem tapast við flutning í kerfinu. Rekstur félagsins hefur gengið vel. Hagnaður tímabilsins er þó yfir áætlun og má það rekja, að miklu leyti, til aukinna tekna vegna flutningstapa. Gert er ráð fyrir að komið verði jafnvægi á milli tekna og gjalda vegna flutningstapa í lok ársins. Fjárfestingar eru á áætlun þrátt fyrir fjölmargar áskoranir í aðfangakeðjunni. Árshlutareikningurinn sýnir fjárhagslegan styrk Landsnets og árangur í rekstri. Samhliða þessum niðurstöðum er nauðsynlegt að huga að því að viðhalda sterkri stöðu félagsins og þar skiptir stöðugleiki í lagaumhverfinu miklu máli fyrir okkur og lánveitendur fyrirtækisins.“

### Helstu atriði árshlutareiknings:

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 19,5 m. USD (2.518,2 millj.kr)<sup>1</sup> fyrstu 6 mánuði ársins 2022 samanborið við 16,5 m. USD (2.130,2 millj.kr) á sama tímabili árið 2021. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 32,7 m. USD (4.231,0 millj.kr) samanborið við 28,7 m. USD (3.709,8 millj.kr) árið áður.

Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 1.031,1 m. USD (137.882,8 millj.kr) samanborið við 1.020,2 m. USD (136.417,9 millj.kr) í lok árs 2021. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 563,8 m. USD (75.390,9 millj.kr) samanborið við 549,6 m. USD (73.495,1 millj.kr) í lok árs 2021.

Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 45,3% samanborið við 46,1% í lok ársins 2021. Eigið fé í lok tímabilsins nam 467,3 m. USD (62.491,9 millj.kr) samanborið við 470,6 m. USD (62.922,9 millj.kr) í lok árs 2021.

Handbært fé í lok júní nam 28,9 m. USD (3.866,4 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 41,8 m. USD (5.411,6 millj.kr).

Nánar á [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is) þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn. Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsnets, sími 563-9300 eða á netfanginu [gudlaugs@landsnet.is](mailto:gudlaugs@landsnet.is)

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við meðaltal miðgengis Seðlabanka USD/ISK 129,33 fyrir rekstrartölur en lokagengi miðgengis Seðlabanka þann 30. júní USD/ISK 133,72 fyrir efnahagstölur.

## Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala)

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	<b>1.1.-30.6.2022</b>	<b>1.1.-30.6.2021</b>	<b>1.1.-30.6.2020</b>	<b>1.1.-30.6.2019</b>
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Rekstrartekjur	87.522	73.135	63.807	73.367
Rekstrargjöld	( 54.807)	( 44.450)	( 41.830)	( 43.479)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>32.715</b>	<b>28.685</b>	<b>21.977</b>	<b>29.888</b>
Hrein fjármagnsgjöld	( 8.501)	( 8.143)	( 1.663)	( 5.315)
Áhrif hlutdeildarfélags	103	41	80	98
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>24.317</b>	<b>20.583</b>	<b>20.394</b>	<b>24.671</b>
Tekjuskattur	( 4.846)	( 4.112)	( 4.067)	( 4.918)
<b>Hagnaður</b>	<b>19.471</b>	<b>16.471</b>	<b>16.327</b>	<b>19.753</b>

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	<b>30.6.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>				
Fastafjármunir	967.018	963.536	858.575	799.596
Veltufjármunir	64.113	56.640	52.863	52.711
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.031.131</b>	<b>1.020.176</b>	<b>911.438</b>	<b>852.307</b>
Eigið fé	467.334	470.557	404.848	391.311
Langtímaskuldir	472.154	478.002	439.828	353.511
Skammtímaskuldir	91.643	71.617	66.762	107.485
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.031.131</b>	<b>1.020.176</b>	<b>911.438</b>	<b>852.307</b>

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	<b>1.1.-30.6.2022</b>	<b>1.1.-30.6.2021</b>	<b>1.1.-30.6.2020</b>	<b>1.1.-30.6.2019</b>
<b>Sjóðstreymi</b>				
Handbært fé frá rekstri	41.843	36.902	25.531	37.490
Fjárfestingahreyfingar	( 20.155)	( 44.522)	( 29.284)	( 13.329)
Fjármögnunarhreyfingar	( 18.412)	19.330	15.377	( 18.537)
Áhrif gengisbreytinga	414	( 90)	( 1.230)	( 891)
Handbært fé í ársbyrjun	25.224	25.766	30.973	38.779
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>28.914</b>	<b>37.386</b>	<b>41.367</b>	<b>43.512</b>

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	<b>1.1.-30.6.2022</b>	<b>1.1.-30.6.2021</b>	<b>1.1.-30.6.2020</b>	<b>1.1.-30.6.2019</b>
<b>Helstu kennitölur</b>				
EBITDA	49.312	43.719	36.682	44.643
	<b>30.6.2022</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Eiginfjárlutfall	45,3%	46,1%	44,4%	45,9%

### Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.